

# STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 1997

Nr. 560

1258

30. september 1997

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0702.0001	Tómatar, nýir eða kældir	01.11.-15.03.98	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	13.10.-19.10.97	ótilgr.	22,5	149
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	20.10.-31.10.97	ótilgr.	15	99
0704.1000	Blómkál	13.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0704.2000	Rósakál	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	13.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0705.1111	Jöklasalat	01.11.-15.03.98	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat	01.10.-31.10.97	ótilgr.	30	0
0705.1191	Annað (salat)	01.11.-15.03.98	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	01.10.-31.10.97	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.10.-31.10.97	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.11.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffifílsblöð	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	01.11.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0706.9000	Annað	01.11.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0707.0011	Gúrkur	01.11.-15.03.98	ótilgr.	0	0
0707.0021	Gúrkur	13.10.-19.10.97	ótilgr.	22,5	148
0707.0021	Gúrkur	20.10.-31.10.97	ótilgr.	15	99
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	13.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0709.5100	Sveppir	01.10.-15.03.98	ótilgr.	7,5	100

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>Tollnúmer:</b>					
0709.6002	Paprika	01.11.-15.03.98	ótilgr.	0	0
0709.6003	Paprika	01.10.-19.10.97	ótilgr.	22,5	298
0709.6003	Paprika	20.10.-31.10.97	ótilgr.	15	199
<b>Úr tollnúmeri:</b>					
0709.6003	Paprika, lituð	01.10.-12.10.97	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, lituð	13.10.-19.10.97	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, lituð	20.10.-31.10.97	ótilgr.	30	0
<b>Tollnúmer:</b>					
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0709.9004	Steinselja	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 16. mars 1998.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 30. september 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*